

# AUGLÝSING

## um Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins.

Hinn 19. september 1989 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um vernd fornleifaarfsins sem lagður var fram til undirritunar í Lundúnum 6. maí 1969. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlast gildi 20. desember 1989 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Hannes Hafstein.*

### Fylgiskjal.

#### EVROPUSAMNINGUR

##### um vernd fornleifaarfsins

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem telja að það sé takmark Evrópuráðsins að koma á meiri einingu meðal aðila, og sérstaklega í því skyni að vernda og gera að veruleika þær hugsjónir og grundvallarreglur sem eru sameiginlegur arfur þeirra,

sem taka tillit til menningarsáttmála Evrópu sem var undirritaður í París 19. desember 1954, og m.a. 5. gr. hans,

sem telja að fornleifaarfurinn sé nauðsynlegur til þekkingar á sögu hinna ýmsu menningarheilda,

sem viðurkenna að siðferðileg ábyrgð á vernd fornleifaarfs Evrópu, elstu gagna um sögu álfunnar, sem nú eru í mikilli hættu, nái til allra Evrópuríkjanna, þótt hún liggi einkum hjá ríkinu sem beinlínis á hlut að máli,

sem telja að fyrsta sporið í átt til verndar þessum arfi ætti að vera að beita ströngustu vísindaaðferðum við rannsóknir og fundi á sviði fornleifafræði, svo að haldast megi við líði öll söguleg merking þeirra hjá komandi kynslóðum, og til að hindra óbætanlegt tap vísindalegrar vitneskju sem ólög-mætur uppgröfur getur haft í för með sér,

sem telja að hin vísindalega vernd sem á þennan hátt væri tryggð fornum leifum

a. væri almennum söfnum sérstaklega í hag, og

#### EUROPEAN CONVENTION

##### on the Protection of the Archaeological Heritage

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members for the purpose, in particular, of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage;

Having regard to the European Cultural Convention, signed at Paris on 19 December 1954, and inter alia Article 5 of that Convention;

Affirming that the archaeological heritage is essential to a knowledge of the history of civilisations;

Recognising that while the moral responsibility for protecting the European archaeological heritage, the earliest source of European history, which is seriously threatened with destruction, rests in the first instance with the State directly concerned, it is also the concern of European States jointly;

Considering that the first step towards protecting this heritage should be to apply the most stringent scientific methods to archaeological research or discoveries, in order to preserve their full historical significance and render impossible the irremediable loss of scientific information that may result from illicit excavation;

Considering that the scientific protection thus guaranteed to archaeological objects:

(a) would be in the interests, in particular, of public collections, and

b. myndi stuðla að nauðsynlegum umbótum í verslun með fundnar minjar,

sem telja að nauðsynlegt er að banna leynilega uppgrefti og koma á vísindalegu eftirliti með fornleifum, jafnframt því að reynt verði að ljá uppgrefti minja þýðingu með aukinni fræðslu,

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

#### 1. gr.

Í samningi þessum merkir orðið „fornminjar“ allar leifar og hluti, eða hvers kyns verksummerki önnur frá mannvist er varpa ljósi á tímabil eða sérstaka menningu sem uppgreftir eða fundir eru helsta heimild um eða ein sú helsta.

#### 2. gr.

Í því augnamiði að tryggja vernd þess er geymist í jörðinni og einstakra staða þar sem fornleifar kunna að liggja fólgnar, tekur hver samningsaðili að sér að gera ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að:

a. draga mörk um og vernda staði með fornminjum og svæði er telja má mikilsverð frá sjónarmiði fornleifafræði,

b. friða viss svæði í því skyni að hlífa efnislegum sönnunargögnum er jörðin geymir sem fornleifafræðingar komandi kynslóða eiga eftir að rannsaka með greftri.

#### 3. gr.

Til þess að ljá fornleifauppgrefti á stöðum þeim og svæðum sem nefnd eru til í samræmi við 2. gr. samnings þessa fulla vísindalega þýðingu skal hver samningsaðili, eftir því sem unnt er:

a. banna og hafa heimil á ölögmætum uppgrefti,

b. grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að einungis hæfum mönnum sé falið að standa að uppgrefti, og þá með sérstakri heimild,

c. tryggja eftirlit og örugga meðferð á því sem fram kemur.

#### 4. gr.

1. Hver samningsaðili skuldbindur sig, í þágu rannsókna og útbreiðslu á upplýsingum um fundnar fornleifar, til að gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir svo að tryggð megi verða sem greiðust og rækilegust dreifing á upplýsingum í útgáfum vísindalegs eðlis er fjalla um uppgroft og fundi.

2. Ennfremur skal sérhver samningsaðili ihuga leiðir er fara megi til að:

(b) would promote a much-needed reform of the market in archaeological finds;

Considering that it is necessary to forbid clandestine excavations and to set up a scientific control of archaeological objects as well as to seek through education to give to archaeological excavations their full scientific significance,

Have agreed as follows:

#### Article 1

For the purposes of this Convention, all remains and objects, or any other traces of human existence, which bear witness to epochs and civilisations for which excavations or discoveries are the main source or one of the main sources of scientific information, shall be considered as archaeological objects.

#### Article 2

With the object of ensuring the protection of deposits and sites where archaeological objects lie hidden, each Contracting Party undertakes to take such measures as may be possible in order:

(a) to delimit and protect sites and areas of archaeological interest;

(b) to create reserve zones for the preservation of material evidence to be excavated by later generations of archaeologists.

#### Article 3

To give full scientific significance to archaeological excavations in the sites, areas and zones designated in accordance with Article 2 of this Convention, each Contracting Party undertakes, as far as possible, to:

(a) prohibit and restrain illicit excavations;

(b) take the necessary measures to ensure that excavations are, by special authorisation, entrusted only to qualified persons;

(c) ensure the control and conservation of the results obtained.

#### Article 4

1. Each Contracting Party undertakes, for the purpose of the study and distribution of information on archaeological finds, to take all practicable measures necessary to ensure the most rapid and complete dissemination of information in scientific publications on excavations and discoveries.

2. Moreover, each Contracting Party shall also consider ways and means of:

a. koma af stað heimildaöflun um fornleifar í opinberri eign og, þar sem unnt er, um fornleifar í eigu einstaklinga,

b. leggja drög að vísindalegri skrá yfir fornleifar í opinberri eign og, þar sem unnt er, fornleifar í eigu einstaklinga.

#### 5. gr.

Með hliðsjón af vísindalegu, menningarlegu og fræðslulegu markmiði samnings þessa skuldbindur hver samningsaðili sig til að:

a. stuðla að útbreiðslu fornra minja í vísindalegum, menningarlegum eða fræðslulegu skyni,

b. hvetja til að skipst verði á vitneskju um:

i. fornminjar,

ii. leyfilegar og óheimilar rannsóknir minja með uppgreftri

milli vísindastofnana, safna og þar til bærra stofnana ríkisins,

c. gera allt sem í hans valdi stendur til að tryggja að lögbær stjórnvöld í upprunaríkjunum, aðilum að samningnum, fái vitneskju um sérhver tilboð á hlutum sem grunur leikur á um að borist hafi frá ólögðum uppgrefti eða á ólöglegan hátt frá viðurkenndum uppgrefti, ásamt nauðsynlegum upplýsingum þar um,

d. reyna með tilstilli fræðslu að mynda og leiða til þroska hjá almenningi vitund um, hversu mikilvægar fornminjar eru fyrir þekkingu á sögu menningarinnar og hversu arfi þessum stafar hættu af uppgröftum sem ekki er eftirlit með.

#### 6. gr.

1. Hver aðili skuldbindur sig til að takast á hendur með sem hentugustu móti samvinnu í því augnamiði að tryggja að útbreiðsla fornra minja spilli engan veginn fyrir vernd hins menningarlega og vísindalega gildis þeirra.

2. Hver aðili skuldbindur sig sérstaklega:

a. til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að söfn og aðrar hliðstæðar stofnanir, sem afla gripa undir eftirliti ríkisins, fái ekki í hendur fornar minjar sem gruna má af sérstökum orsökum að borist hafi frá leynilegum uppgrefti eða á ólöglegan hátt frá viðurkenndum uppgrefti,

b. þegar um ræðir söfn og aðrar hliðstæðar stofnanir sem eru á landssvæði samningsríkis en geta aflað gripa án eftirlits ríkisins til að:

i. senda texta samnings þessa til þeirra, og

(a) establishing a national inventory of publicly owned and, where possible, privately-owned archaeological objects;

(b) preparing a scientific catalogue of publicly-owned and, where possible, privately-owned archaeological objects.

#### Article 5

With a view to the scientific, cultural and educational aims of this Convention, each Contracting Party undertakes to:

(a) facilitate the circulation of archaeological objects for scientific, cultural and educational purposes;

(b) encourage exchanges of information on:

(i) archaeological objects,

(ii) authorised and illicit excavations

between scientific institutions, museums and the competent national departments;

(c) do all in its power to assure that the competent authorities in the States of origin, Contracting Parties to this Convention, are informed of any offer suspected of coming either from illicit excavations or unlawfully from official excavations, together with the necessary details thereon;

(d) endeavour by educational means to create and develop in public opinion a realisation of the value of archaeological finds for the knowledge of the history of civilisation, and the threat caused to this heritage by uncontrolled excavations.

#### Article 6

1. Each Contracting Party undertakes to co-operate in the most appropriate manner in order to ensure that the international circulation of archaeological objects shall in no way prejudice the protection of the cultural and scientific interest attaching to such objects.

2. Each Contracting Party undertakes specifically:

(a) as regards museums and other similar institutions whose acquisition policy is under State control, to take the necessary measures to avoid their acquiring archaeological objects suspected, for a specific reason, of having originated from clandestine excavations or of coming unlawfully from official excavations;

(b) as regards museums and other similar institutions, situated in the territory of a Contracting Party but enjoying freedom from State control in their acquisition policy:

(i) to transmit the text of this Convention, and

- ii. láta einskis ófreistað til að fá stuðning téðra safna og stofnana við boðum þeim er fram eru sett í b-lið,

c. hindra, svo sem unnt er, með því að beita menntun, fræðslu, árvekni og samvinnu, flutning á fornminjum sem gruna má af sérstökum orsökum að borist hafi frá ólögætum uppgreftri eða á ólöglegan hátt frá viðurkenndum uppgreftri.

#### 7. gr.

Til að tryggja framkvæmd meginreglunnar um samvinnu við vernd fornminjaarfsins, sem er undirstaðan í samningi þessum, skuldbindur hver samningsaðili sig, innan þess ramma sem undir er jástast samkvæmt samningnum, til að gefa gaum hverri spurningu á vettvangi greiningar, er einhver annar aðili kann að koma fram með, og til að ganga til virkrar samvinnu að svo miklu leyti sem landslög leyfa.

#### 8. gr.

Ráðstafanir þær sem gert er ráð fyrir í samningi þessum skulu ekki hindra löglega verslun með fornminjar né eignarhald þeirra, og ekki heldur hafa áhrif á lagareglur um flutning þeirra.

#### 9. gr.

Sérhverjum samningsaðila ber að láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins vita á tilhlýðilegum tíma um þær ráðstafanir sem hann kanna að hafa gert vegna framkvæmdar samnings þessa.

#### 10. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu eða viðurkenningu. Fullgildingar- og viðurkenningarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdstjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi gengur í gildi þremur mánuðum eftir afhendingu þriðja fullgildingar- eða viðurkenningarskjalsins.

3. Gagnvart ríki sem undirritar samninginn og fullgildir eða viðurkennir hann síðar öðlast hann gildi þremur mánuðum eftir afhendingu fullgildingar- eða viðurkenningarskjalsins.

#### 11. gr.

1. Eftir gildistöku samnings þessa:  
a. getur sérhverrt ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu en er aðili að menningarsáttmála

- (ii) to spare no effort to obtain the support of the said museums and institutions for the principles set out in the preceding paragraph;

(c) to restrict, as far as possible, by education, information, vigilance and co-operation, the movement of archaeological objects suspected, for a specific reason, of having been obtained from illicit excavations or unlawfully from official excavations.

#### Article 7

In order to ensure the application of the principle of co-operation in the protection of the archaeological heritage which is the basis of this Convention, each Contracting Party undertakes, within the context of the obligations accepted under the terms of this Convention, to give consideration to any questions of identification and authentication raised by any other Contracting Party, and to co-operate actively to the extent permitted by its national legislation.

#### Article 8

The measures provided for in this Convention cannot restrict lawful trade in or ownership of archaeological objects, nor affect the legal rules governing the transfer of such objects.

#### Article 9

Each Contracting Party shall notify the Secretary General of the Council of Europe in due course of measures it may have taken in respect of the application of the provisions of this Convention.

#### Article 10

1. This Convention shall be open to signature by the member States of the Council of Europe. It shall be subject to ratification or acceptance. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification or acceptance.

3. In respect of a signatory State ratifying or accepting subsequently, the Convention shall come into force three months after the date of the deposit of its instrument of ratification or acceptance.

#### Article 11

1. After entry into force of this Convention:  
(a) any non-member State of the Council of Europe which is a Contracting Party to the Euro-

Evrópu, sem undirritaður var í París 19. desember 1954, gerst aðili að samningnum.

b. getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu að gerast aðilar að samningnum.

2. Aðild gerist með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur það gildi þremur mánuðum eftir afhendingu.

#### 12. gr.

1. Sérhverju ríki, sem undirritar samninginn, er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar- eða viðurkenningarskjals – og sérhverju ríki, sem gerist aðili, við afhendingu aðildarskjals – að tilgreina það eða þau landssvæði sem samningur þessi nær til.

2. Sérhvert ríki, sem undirritar samninginn, getur, við afhendingu fullgildingar- eða viðurkenningarskjals eða síðar – eða sérhvert ríki, sem gerist aðili, við afhendingu aðildarskjals eða síðar – lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari það með utanríkismál þess eða hefur heimild til að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi töluð má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint á þann hátt sem mælt er fyrir um í 13. gr. samnings þessa.

#### 13. gr.

1. Samningur þessi gildir ótímabundið.

2. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

#### 14. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningnum um:

a. sérhverja undirritun,

b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða aðildarskjals,

c. sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 10. gr.,

pean Cultural Convention signed at Paris on 19 December 1954 may accede to this Convention;

(b) the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any other non-member State to accede thereto.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect three months after the date of its deposit.

#### Article 12

1. Each signatory State, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification or acceptance, or each acceding State, when depositing its instrument of accession, may specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Each signatory State, when depositing its instrument of ratification or acceptance or at any later date, or each acceding State, when depositing its instrument of accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, may extend this Convention to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 13 of this Convention.

#### Article 13

1. This Convention shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting Party may, in so far as it is concerned, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

#### Article 14

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this Convention of:

(a) any signature;

(b) any deposit of an instrument of ratification, acceptance or accession;

(c) any date of entry into force of this Convention in accordance with Article 10 thereof;

- d. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 2. og 3. tl. 12. gr.,  
e. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 13. gr. svo og gildistökudag uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lundúnum 6. maí 1969 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum.

(d) any declaration received in pursuance of the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 12;

(e) any notification received in pursuance of the provisions of Article 13 and the date on which denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at London, this 6th day of May 1969, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

## AUGLÝSING

### um viðbótarsamning við Evrópusamning um upplýsingar um erlenda löggjöf.

Hinn 19. september 1989 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings við Evrópusamning frá 7. júní 1968 um upplýsingar um erlenda löggjöf sem lagður var fram til undirritunar í Strassborg 15. mars 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1969. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 27. apríl 1978 með fyrirvara um fullgildingu. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi 20. desember 1989 að því er Ísland varðar.

Evrópusamningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og viðbótarsamningurinn sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Hannes Hafstein.*

### Fylgiskjal 1.

#### EVROÐPUSAMNINGUR um upplýsingar um erlenda löggjöf

##### Formáli

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á aukinni einingu meðal aðila þess,

#### EUROPEAN CONVENTION on Information on Foreign Law

##### PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatories hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members;